

Akraneskaupstaður  
Stillholti 16-18  
300 Akranes

Reykjavík 5. febrúar 2019  
UST201901-376/A.B.  
10.04.02

**Efni: Lýsing – Breyting á Aðalskipulag Akraness og nýtt deiliskipulag –  
Skógarhverfi**

Vísað er til erindis Akraneskaupstaðar er barst 28. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á aðalskipulagsbreytingu og að nýju deiliskipulagi í Skógarhverfi á Akranesi.

Í lýsingunni kemur fram að breytingartillaga aðalskipulagsins gengur út á að íbúðarsvæði hverfisins (ib13) stækkar og verður 57,3 ha, opið svæði (O5) verður 7,6 ha, skógræktarsvæðið (O9) verður 12,5 ha og íþróttasvæðið (O12) verður fellt út.

Auk þess kemur fram í lýsingu að haldið verður áfram uppbyggingu hverfisins þar sem farið verður í 3. og 4. áfanga.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri skipulagslysingu gerð grein með skýrum hætti fyrir þeim þáttum sem þörf er á og því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Umhverfisstofnun telur að óbreyttu, að skipulagsáætlunin gefi ekki tilefni til frekari umsagnar stofnunarinnar í skipulagsferlinu, þar sem á skipulagssvæðinu eru ekki friðlýst svæði, engin svæði á náttúruminjaskrá eða svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Stofnunin bendir þó á að ef til þess kemur að veruleg frávik verða frá ofangreindri skipulagsáætlun, þá sérstaklega varðandi náttúruverndarsvæði þá gæti orðið tilefni til frekari umsagna.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur